



Glefsa


Brot úr hagvísunum og skýrslum SSV og annað tengt efni – 6. tbl. 2025

Hækkun veiðigjalda og aflamagn skipa, á ný

Vífill Karlsson

Í síðustu Glefsu var fjallað um hversu mikið veiðigjöld hækkuðu á íslensk fiskiskip eftir aflamagni þeirra m.v. forsendur stjórnarfrumvarps nr. 434/2025 (Vífill Karlsson, 2025b). Í þessari Glefsu verða nýjar tillögur ríkisstjórnarinnar í sama máli reiknaðar á sama hátt ásamt nýjum útreikningi Skattsins á veiðigjaldi á hvert kg. Nýjar tillögur ríkisstjórnarinnar eru að afsláttur af veiðigjöldum verði 65% af fyrstu 15.000.000 kr. og svo 45% af næstu 55.000.000 kr. Útreikningar Skattsins leiddu í ljós að veiðigjald á hvert kg. af þorski yrði 64 kr. í stað 48,24 sem ráðuneytið hafði unnið eftir.

Nú verða útreikningarnir sýndir eins og þeir voru í síðustu Glefsu skv. stjórnarfrumvarpi 434/2025 (bláa línan í mynd 1), bætum síðan útreikningum fyrir tillögu ríkisstjórnarinnar um aukna afslætti (fjólubláa línan) og síðan er útreikningur Skattsins á veiðigjaldi þorsks upp á 64 kr./kg (græna línan) bætt við. Hér er eingöngu reiknuð hækkun eins og um hreina þorskveiði væri að ræða en útreikningar í síðustu Glefsu sýndu að það er hámark (eða efri jaðar) m.v. allar mögulegar tegundardreifingar skipa, því veiðigjald þorsks hækkar mest.



Í ljós kom að boðuð breyting ríkisstjórnarinnar um aukna afslætti fól í sér hverfandi hækkun veiðigjalda á báta sem veiddu minna en 1.450 tonn – mest 6% á minnstu bátana upp á um 350 tonna veiði á ári borið saman við núgildandi lög (fjólubláa línan). Hækkunin yrði mest á báta sem veiddu meira en 1.450 tonn en aldrei meiri en 72%.

Þessi niðurstaða breyttist síðan þegar Skatturinn skilaði nýju álitum varðandi hvert veiðigjaldið ætti að verða á hvert kíló. Ráðuneytið hafði t.d. notað 48,24 kr./kg. á þorski.

Skatturinn taldi hið rétta vera 64 kr./kg. Þegar þessu var bætt við útreikningana þá breyttist fjólubláa línan í þessa grænu. Græna línan er því nýjasta spá á hækkun veiðigjaldsins eftir aflamagni skipa. Hækkunin yrði því 40% á þau skip sem eru að veiða 50 til 200 (m.v. að aflamagnið hlupi á 50 tonnum). Síðan hækkaði hlutfallið skyndilega og næði tímabundnu hámarki í 58% við 300 tonna veiði. Lækkaði síðan stöðugt eftir það þar til það næði lágmarki í 38% í 1.000 tonna veiði en héldist í 38% til 1.100 tonna veiði en hækkaði síðan stöðugt eftir það en yrði samt aldrei herra en 132% í rúmlega 13.000 tonnum sem var mesta veiði skips á Íslandsmiðum 2024 í botnfisktegundum. Það er samt nærri tvöfalt meiri hækkun en fyrri spá kvað á um upp á 72% sem hámarks-hækkun á aflahæstu skipin.

Tafla 1. Fjöldi íslenskra skipa eftir aflaflokkum og landshlutum á Íslandsmiðum 2024.

Landsvæði	<350	350-1199	1200-5999	>5999	Samtals
Óflokkað	1				1
Austurland	69	5	5	1	80
Höfuðborgarsvæðið	63	2	5	5	75
Norðurland eystra	168	5	10	4	187
Norðurland vestra	58	1	3	2	64
Suðurland	68	8	13	2	91
Suðurnes	74	10	13	3	100
Vestfirðir	284	8	14	2	308
Vesturland	174	12	17	1	204
Samtals	959	51	80	20	1110

Tölur Fiskistofu

Til nánari glöggvunar var fjöldi skipa eftir heildar aflamagni þeirra yfir árið talinn og brotinn upp eftir landshlutum (Tafla 1). Þetta er í rauninni tafla 1 úr síðustu Glefsu, brotin upp eftir landshlutum. Þá kemur í ljós að skipin í minnsta aflaflokknum (<350 tonn) eru lang flest á Vestfirðum, 284. Næst flest voru þau á Vesturlandi 174 og Norðurlandi eystra 168. Í flokknum 350-1199 voru skipin ekki mörg en flest á Vesturlandi, 12 og fæst á Norðurlandi vestra, 1. Í flokknum >1.200 voru skipin nokkuð jafn mörg í öllum landshlutum (14-18) nema á Austurlandi 6, 10 á höfuðborgarsvæðinu og 5 á Norðurlandi vestra.

Tafla 2. Heildarveiði botnfisktegunda á Íslandsmiðum eftir aflaflokkum og landshlutum 2024.

Landsvæði	<350	350-1199	1200-5999	>5999	Samtals
Óflokkað	20	0	0	0	20
Austurland	2.993	2.807	16.832	9.088	31.720
Höfuðborgarsvæðið	1.410	2.038	13.055	44.583	61.086
Norðurland eystra	7.677	3.221	32.276	39.065	82.239
Norðurland vestra	2.086	431	8.738	12.779	24.033
Suðurland	2.547	6.066	46.182	13.251	68.046
Suðurnes	2.441	6.476	35.944	24.435	69.295
Vestfirðir	7.392	4.930	41.257	13.680	67.259
Vesturland	4.935	9.116	41.317	7.498	62.867
Samtals	31.501	35.085	235.601	164.378	466.565

Tölur Fiskistofu



Heildarveiði skipa eftir aflaflokkum er mismikil en innan við 10% (31.501 tonn) eru veidd af flestum skipum sem veiða hver um sig minna en 350 tonn á ári (Tafla 2). Þau voru 959 talsins árið 2024. Skip í næsta flokki fyrir ofan, 350-1.199 tonn, eru 51 en veiða örlítið meira en í fyrri flokki, 35.085 tonn. Rúmlega 400.000 tonn eru veidd af skipum í tveimur hæstu aflaflokkunum: 1.200-5.999 tonn og >5.999. Þau eru samt bara 100 talsins, þar af 20 í >5.999. Þetta eru þau sem munu upplifa mestu hækkunina á veiðigjöldum. Þeir landshlutar sem eru aflahæstir í þessum aflaflokkum eru Suðurland, Norðurland eystra og Suðurnes, um og yfir 60.000 tonn.

Tafla 3. Hluttur skipa eftir aflaflokkum í heildarafla hvers landshluta 2024.

Landsvæði	<350	350-1199	1200-5999	>5999	Samtals
Austurland	9%	9%	53%	29%	100%
Höfuðborgarsvæðið	2%	3%	21%	73%	100%
Norðurland eystra	9%	4%	39%	48%	100%
Norðurland vestra	9%	2%	36%	53%	100%
Suðurland	4%	9%	68%	19%	100%
Suðurnes	4%	9%	52%	35%	100%
Vestfirðir	11%	7%	61%	20%	100%
Vesturland	8%	15%	66%	12%	100%
Samtals	7%	8%	50%	35%	100%

Byggt á tölum Fiskistofu

Þegar hluttur heildarveiða innan hvers landshluta er skoðuð eftir aflaflokkum skipa þá eru Vestfirðir með hlutfallslega flest tonn í <350 tonna flokknum eða 11% (Tafla 3). Næst á eftir komu höfuðborgarsvæðið og Norðurland eystra og -vestra auk Austurland með 9% og Vesturland 8%. Minnst 2% á höfuðborgarsvæðinu, og 4% á Suðurnesjum og Suðurlandi.

Skip í næsta flokki (350-1.199 tonn) veiddu hlutfallslega mest af afla Vesturlands, 15%. Síðan komu skip Austurlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum með 9%.

Í flokknum 1.200-5.999 tonn veiddu skip Sunnlendinga mest 68% og Vestlendinga 66% en minnst höfuðborgarsvæðið 21% og í aflaflokknum >5.999 tonn komu hlutfallslega flest tonn hvers landshluta á höfuðborgarsvæðinu 73% og Norðurlands vestra 53% en minnst á Vesturlandi 12% og Suðurlandi 19%. Þessir tveir flokkar munu upplifa hlutfallslega mestu hækkunina og ef vægi þeirra er tekin saman þá kom hlutfallslega mest af afla höfuðborgarsvæðisins (94%) þar og Norðurlands vestra (90%) en minnst á Vesturlandi (78%). Öll hin landsvæðin voru svipuð að þessu leyti með rúmlega 80%. En þetta eru nú grófar visbendingar og síðan þyrfti að vigta breytingarnar eftir vægi atvinnugreinarinnar innan hvers landshluta og e.t.v. sveitarfélaga því sama og reiknað var í Glefsu sem kom út fyrr á þessu ári (Vífill Karlsson, 2025a) til að sjá hvað hækkun veiðigjalda vigtar fyrir hvern landshluta.

Í næstu töflu má síðan sjá hlut skipa í heildarveiði á Íslandi 2024 eftir aflaflokkum og landshlutum (Tafla 4). Þar sést m.a. að hluttur höfuðborgarsvæðisins var 13,1% af heildinni.

Tafla 4. Hluttur skipa eftir aflaflokkum og landshlutum í heildarafla landsins 2024.

Landsvæði	<350	350-1199	1200-5999	>5999	Samtals
Austurland	0,6%	0,6%	3,6%	1,9%	6,8%
Höfuðborgarsvæðið	0,3%	0,4%	2,8%	9,6%	13,1%
Norðurland eystra	1,6%	0,7%	6,9%	8,4%	17,6%
Norðurland vestra	0,4%	0,1%	1,9%	2,7%	5,2%
Suðurland	0,5%	1,3%	9,9%	2,8%	14,6%
Suðurnes	0,5%	1,4%	7,7%	5,2%	14,9%
Vestfirðir	1,6%	1,1%	8,8%	2,9%	14,4%
Vesturland	1,1%	2,0%	8,9%	1,6%	13,5%
Samtals	6,8%	7,5%	50,5%	35,2%	100,0%

Byggt á tölum Fiskistofu

Niðurstöður

Það stefnir í að hækkun veiðigjalda verði 40%-58% á báta sem veiða minna en 350 tonn á ári ef þeir veiða eingöngu þorsk. Á bilinu 38%-55% á skip sem veiða 350-1.199 tonn. 48%-63% fyrir skip sem veiða 1.200-5.999 og 63%-132% fyrir skip sem veiða 6.000-13.000. Þegar skoðuð var skipting heildarafla landshluta eftir tveimur hæstu aflaflokkunum var hann hlutfallslega mestur á höfuðborgarsvæðinu og minnstur á Vesturlandi. Sjávarútvegur vegur samt miklu þyngra á Vesturlandi en á höfuðborgarsvæðinu og því viðbúið að Vestlendingar verði fyrir neikvæðari áhrifum á hækkun veiðigjalda en höfuðborgarsvæðið.

Forsendur

Forsendur útreikninga voru veiðigjald á kg. úr gögnum frumvarpsins fyrir árið 2024 vegna þess að magntölur útreikninganna voru frá 2024. Þess vegna má segja að matstólurnar endurspegli hækkun á veiðigjaldinu 2024 ef fyrirhugaðar breytingar á veiðigjaldinu hefðu gilt þá. Fyrir þorsk var veiðigjaldið 26,66 kr./kg. en hefði verið 48,24 kr. miðað við stjórnarfrumvarp 434/2025. Eingöngu voru skoðaðar útgerðir í botnfisk- og bolfisktegundum en ekki uppsjávarfiski eða skeldýrum. Nýjar tillögur ríkisstjórnarinnar kváðu á um að afsláttur af veiðigjöldum yrði aukinn í 65% af fyrstu 15.000.000 kr. og svo 45% af næstu 55.000.000 kr. Sú breyting var túlkuð í fjólubláu línu myndarinnar. Útreikningar Skattsins leiddu í ljós að veiðigjald á hvert kg. þorsk yrði 64 kr. í stað 48,24 sem ráðuneyti hafði unnið eftir. Græna línan innihélt bæði nýjar tillögur ríkisstjórnarinnar um aukinn afslátt og útreikninga Skattsins á veiðigjald þorsks upp á 64 kr./kg.

Heimildir

Vífill Karlsson. (2025a). Vægi sjávarútvegs í útsvarsgrunni sveitarfélaga. *Glefsa*, 7, 2. Borgarbyggð: Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.

Vífill Karlsson. (2025b). Hækkun veiðigjalda eftir aflamagni skipa. *Glefsa*, 7, 5. Borgarbyggð: Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.